

Framhaldsfundur aðalfundar GFFÍ 22.mars 2022

Anna María Lind Geirsdóttir ritar fundagerð annarra mála:

Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð spjallar um og tekur við fyrirspurnum um sýnatökur úr geitum vegna riðu.

-Félagið þarf að einbeita sér að því hvaða verkefni það vill ganga í. Taka allan stofninn eða aðeins geitur af hættusvæðum? Upphafssvæði riðu fyrir um 150 árum síðan var Skagafjörður, Húnavatnssýslur og Svarfaðardalur. Það eru sjálfsögð svæði. Leitað verður að verndandi geni gegn riðu: Erfðabreytt sæti sem er ekki lengur veikt fyrir riðu sæti nr. 146 og 222. Sauðfé eru með önnur verndandi sæti.

Stefanía Sigurðardóttir: Þarf að finna úr hversu mörgum geitum þarf að taka sýni miðað við hættusvæðaforsendur og sækja um styrk til verkefnisins. Ef verndandi gen finnst ekki leita annara leiða til að finna út hvort geitur smitist af riðu.

Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir: Hvað kosta sýnahylkin og töng?

Karólína: Töng kostar 20 evrur sem er um 2800 kr. Hylki kostar 25 evrur sem er um 3500 kr. Tekur um viku að fá þetta til landsins með pósti.

Anna María Flygenring: Töng er hægt að nota á fleiri bæjum innan sama sauðfjárveikivarnasvæðis ef sóthreinsað er á milli en eitt hylki þarf per geit.

Anna María Flygenring, Helena Hólm og Jóhanna B. Þorvaldsdóttir: hittu Jo Ann Myers í gær í Uppspuna Smáspunaverksmiðju sem vinnur geitafiðu og einnig mun Jo Ann funda með Birnu Kristínu Baldursdóttur og Karvel L. Karvelssyni hjá RML á morgun um að Jo Ann Myers fái aðgang til að skrá geitur ræktaðar í USA (ekki alveg hreinar íslenskar en 87 %) að Heiðrúnu.

Ólafur Ragnar Dýrmundsson: Skráningarkerfi búfjár í Bandaríkjunum og Kanada vista ekki skráningar jafn lengi og og íslensku kerfin og því mikilvægt að Myers hjónin fái aðgang að Heiðrúnu fyrir mikilvægar ræktunar upplýsingar, jafnvel þó stofninn verði aldrei 100% íslenskar geitur. Íslenski geitastofninn er í útrýmingarhættu. Bæði Fjárnís og WorldFengur eru að skila sínu á alþjóða velli.

Anna María Flygenring: Stendur til að geitin verði tekin að öllu leyti inn í Presidium/ Háborði Slow Food hreyfingarinnar. Dominique Plédel, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir og Ólafur Dýrmundsson hafa unnið mikið verk þar. Vegna veikinda Dominique tók Eirný Sigurðardóttir að sér að senda bréf til skráðra þátttakenda, sem undirrita þarf til lokaafgreiðslu, en sendi rangt eintak til undirritunar sem að seinkaði eitthvað ferlinu.

Matvælaráðherra hefur verið upplýst um nauðsyn og mikilvægi þess að fá undanþágu fyrir notkun ógerilsneyddrar geitamjólkur til ostaframleiðslu svo að uppfylla megi öll skilyrði Slow Food. Málið nú skráð sem erindi í ráðuneytinu sem bíður afgreiðslu.

Guðrún Lárusdóttir þakkar stjórn ötul störf í þágu félagsins og geitastofnsins.

Fundi slitið kl. 22.00